



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við setningu Borgfirðingahátíðar  
Borgarnesi  
16. júní 2000**

Heiðruðu Borgfirðingar  
Kæru hátíðargestir

Það er einstök ánægja að eiga með ykkur skemmtilegt baðstofukvöld og taka þátt í Borgfirðingahátíðinni, fagna því framtaki og frumleika að gera úr gömlum hefðum þessa góðu gleði.

Borgarfjörður hefur ætíð skipað sérstakan sess í mínum huga. Hér voru æskulóðir föður míns sem fæddur var á Bakkakoti í Skorradal og fór þaðan ungur að Gilstreymi í Lundareykjadal og dvaldi þar síðan öll æskuárin.

Mannlífið í Lundareykjadal var honum kært í minningunni og margar voru sögurnar sagðar af fólki á næstu bæjum, skemmtan unga fólksins, körlum og kerlingum, amstri þeirra og uppátækjum. Borgarfjörður var mér því snemma lifandi fjársjóður mynda og minninga um litríkt mannlíf og heilsteypta menningu.

Reyndar bættist svo í sarpinn hjá mér sjálfum þegar ég kom strákpatti með foreldrum mínum á stórafmæli Ungmennafélagsins sem stofnað hafði verið á unglingsárum þabba í Lundareykjadal. Ég sé enn í huganum langborðin svigna undan kræsingum: hangikjötinu, tertunum, góðmeti hvers konar og enn hljóma í eyrunum ræðurnar, ræðurnar sem aldrei virtust neinn enda ætla að taka. Mér finnst þær hljóti að hafa verið að minnsta kosti fimmtíu. En skemmtilegast fannst mér þó daginn eftir að hlera í sveitasímanum hvað sagt var um einstaka ræðumenn því þar fékk hver og einn sinn palladóm hjá maddömunum á bæjunum og öll sveitin gat legið á línunni og hlustað. Það var nú símakerfi í lagi sem sá öllum fyrir fróðleik og skemmtan um leið og tveir töluðu saman.

Nokkrum árum síðar, þegar ég var þrettán ára ákvað pabbi að tími væri kominn til að kynna mér æskuslóðir hans enn betur. Hann fékk hesta að láni hjá vini sínum, öðlingsbóndanum Þorsteini á Skálpastöðum. Í rúma viku riðum við um héraðið, úr Lundareykjadal yfir í Skorradal, að Reykholti, Hesti og Hvanneyri, komum að Bæ og auðvitað Húsafelli og gistum svo hér í Borgarnesi.

Þetta voru dýrðardagar og vekja mér ljúfar minningar þegar ég hugsa til æskuáranna með föður mínum. Borgarfjörðurinn, sagan, sveitirnar, mannfólkið, náttúran og hestarnir samofin samræðum við pabba, frásögnum hans um það góða fólk sem mótaði hann á fyrstu árum aldarinnar, veganestið sem Borgarfjörður bjó honum svo ríkulegt og mér síðan í frásögn hans.

Ég nefni þessar minningar hér í kvöld því mér finnst við hæfi að þakka Borgfirðingum á þessari héraðshátíð það drjúga veganesti sem þessar minningar hafa reynst mér á lífsgöngunni. Ásamt æskuárunum fyrir vestan hefur arfleifðin úr Borgarfirði verið mér það jarðsamband sem best hefur dugað til að halda áttum á langri leið.

Það er reyndar frábær hugmynd að gera úr gömlum tímum í Borgarfirði, hefðum og verklagi, siðum og skemmtan sérstaka gleðidaga nú á aldaskilum, líta um öxl í léttum dúr um leið og við búum okkur undir nýja veröld.

Borgarfjörður á ekki aðeins sterk ítök í okkur öllum sem hér erum saman komin. Hann hefur líka gefið þjóðinni sögur og mannlíf sem orðið hafa gildir þættir í sjálfsskilningi og menningu Íslendinga.

Söguslóðir Egils skálds og þeirra feðga, Skallagríms og alls hans fólks eru kjörlendi þegar skilja þarf og skýra þá sérkennilegu blöndu fífldirfsku og snilldar sem gert hefur hetjur og skáld úr Íslendingum, skapað kapp á borð við Skáld-Hrafn og Gunnlaug ormsungu sem öttu kappi um ástir Helgu fögru þar til báðir lágu í valnum. Margar fornar sögur eiga heimavöll í Borgarfirði og hér sátu fyrrum og lengi síðan skáldjöfrar og höfðingjar andans; Snorri í Reykholti, höfuðskáld Norðurlanda, svo góður að Norðmenn vilja helst telja hann norskan, stela honum héðan úr Borgarfirði og setja upp á vegg meðal norskra höfuðskálda eins og gert var á Þjóðminjasafninu í Osló hér um árið. Þeir tóku myndina að vísu niður þegar við mótmæltum, því Borgfirðingar eiga auðvitað Snorra allan en alls ekki þeir í Oslófirði!

Og ekki hefur skáldskapartaugin slitnað á okkar tíð, lýðveldisárum. Skáldbóndinn Guðmundur Böðvarsson orðinn svo hjartfólginn þjóðinni

að hún flytur jafnan ljóð hans á hátíðarstundum og sonurinn, minn gamli bekkjarbróðir Böðvar, skapar á nýliðnum árum mikinn sagnabálk um vesturferðir Íslendinga, ofinn úr gömlum bréfum sem geymd voru meðal annars í hirslum hér í Borgarfirði og farteski þeirra sem héðan fluttu vestur um haf. Jón prófessor Helgason með héraðið í sálinni þegar hann sat innan við múrvegginn í Höfn og orti þau kvæði sem seint gleymast, tregafull taug til æskustöðvanna blandin háðskri sjálfsýn sem létti honum langsetur við skinnhandritin. Jónas okkar Árnason, nýlega farinn yfir móðuna miklu, átti hér góðar stundir við að glæða lífi karla og kerlingar sem orðið hafa svo sprellfjörug á fjölum leikhúsanna og í skemmtisöngvum að allt það mikla safn er eins konar aukabúbót við íbúafjölda landsins sjálfs.

Það er því af miklu að taka hér í Borgarfirði þegar safnað er efni til hátíðardaga og ég óska ykkur til hamingju með hve vel hefur til tekist. Svo snjöll er þessi hugmynd ykkar að sæmandi væri öðrum héruðum að feta í fótsporin.

Ég þakka öllum þeim sem hér hafa að verki komið og lýsi Borgfirðingahátíð – íslenska hátíð á ári aldaskila formlega setta.